



# MAT Á ÁHRIFUM LAGASETNINGAR\*

– sbr. samþykkt ríkisstjórnar frá 10. mars 2017

\*umfjöllun um einstök efnisatriði misjafnlega ítarleg, eftir umfangi máls og eðli

Málsheiti og nr.	FJR21060038 Frumvarp til laga um upplýsingar tengdar sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu.
Ráðuneyti	Fjármála- og efnahagsráðuneyti
Stig mats	<input checked="" type="checkbox"/> Frummat, sbr. 1. gr. <input type="checkbox"/> Endanlegt mat, sbr. 10. gr.
Dags.	11 júní 2021

## A. Greining og mat á fjárhagslegum áhrifaþáttum fyrir ríkið

1. **Áætluð fjárhagsáhrif fyrir ríkið vegna helstu breytinga og ráðstafana sem felast í fyrirhugaðri lagasetningu, þar sem tilgreindir eru sérstaklega áhrifaþættir á fjárhag ríkissjóðs**

Áhrif lagasetningarinnar á ríkið hefur verið metin af fjármála- og efnahagsráðuneytinu. Ekki var lagt tölulegt mat á möguleg áhrif.

2. **Tekjubreytingar**

Ekki er gert ráð fyrir breytingum á tekjum ríkissjóðs eða eftirlitsgjaldi sem eftirlitsskyldir aðilar greiða sbr. lög nr. 99/1999.

3. **Útgjaldabreytingar**

Við mat á eftirlitsgjaldi hvers árs er tekið tillit til þess hver áætlaður rekstrarkostnaður Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands verður. Seðlabankinn metur það sem svo að áhrif innleiðingar reglugerðanna í núverandi mynd verði óveruleg og að verkefni tengd þeim rúmst innan núverandi rekstraráætlana.

4. **Eignabreytingar**

Ekki er gert ráð fyrir eignabreytingum

5. **Aðrir áhrifaþættir varðandi ríkisfjármál**

Á ekki við.

## B. Samræmi við útgjaldaramma og fimm ára fjármálaætlun – fjármögnun

1. **Tengist einhver ný eða aukin tekjuöflun verkefninu? Nei.**

## C. Efnahagsáhrif – áhrif á atvinnulíf, vinnumarkað og samkeppni

1. **Hagræn áhrif á heildareftirsurn og einstaka markaði – hagstjórnarsjónarmið**

2. **Áhrif á fyrirtækjaeftirlit og reglubyrði, hversu mörg fyrirtæki verða fyrir áhrifum og hvers konar fyrirtæki? Einföldun laga eða stjórnsýslu? Leitað umsagnar ráðgjafarnefndar um opinberar eftirlitsreglur? Sbr. lög nr. 27/1999.**

Lagt er til að reglugerðir (ESB) 2019/2088 og 2020/852 verði innleiddar í íslenskan rétt með tilvísunaraðferð og þá að fullu innleiddar samkvæmt orðanna hljóðan í samræmi við a-lið 7. gr. EES-samningisins, sbr. lög nr. 2/1993 um Evrópska efnahagssvæðið. Lagasetningin mun hafa í för með sér auknar kröfur um upplýsingagjöf fjármálafyrirtækja og fjármálaráðgjafa um umhverfistengd atriði.

3. **Samkeppnisskilyrði**

Gera má ráð fyrir því að samkeppnisskilyrði fyrirtækja batni með reglusetningunni þar sem þeim verður gert auðveldara að sækja fjármagn vegna sjálfbærrar atvinnustarfsemi og hagkvæmara verður fyrir fjárfesta að afla sér upplýsinga. Jafnframt ætti lagasetningin að auka á samkeppni og samkeppnishæfni innlendra fjármálafyrirtækja innan EES.

#### D. Önnur áhrif

**1. Áhrif á stjórnýslu, s.s. hvort ráðuneyti og stofnanir eru í stakk búin til að taka við verkefni**

*Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands er í stakk búið til að takast á við breytta framkvæmd verkefna.*

**2. Áhrif á umhverfi og sjálfbæra þróun**

*Lagasetningin mun hvetja fjármálafyrirtæki til að horfa í auknum mæli til sjálfbærrar þróunar í starfsemi sinni. Reglugerðirnar sem lögnum er ætlað að innleiða eru liður í því að uppfylla markmið áætlunar Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun árið 2020 og Parísarsáttmálans um að efla viðbröð við loftlagsbreytingum með því að auka fjármagnshvata fyrir fyrirtæki til að aðlaga sig í átt að lítilli losun gróðurhúsalofttegunda og viðnámi gegn loftlagsbreytingum.*

#### E. Niðurstaða mats – með vísun í fylgiskjöl ef við á

**1. Samandregin niðurstaða fjárhagsáhrifa fyrir ríkissjóð – heildarútkoma varðandi tekjur, gjöld, afkomu og efnahag**

*Ekki er gert ráð fyrir fjárhagsáhrifum á ríkissjóð.*

**2. Samfélagslegur ávinningur veginn á móti kostnaði og fyrirhöfn (ekki gerð krafa um tölulegt mat)**

*Gera má ráð fyrir að áhrif frumvarpsins á fjármáلامarkaðinn verði jákvæð. Lagasetningin gerir ríkari kröfur um upplýsingagjöf til fjármálafyrirtækja og fjármálaráðgjafa um umhverfismál og dregur úr ósamherfu þeirra. Tilgangur reglnanna er að auka vitund markaðarins um nauðsyn þess að horfa til sjálfbærni í starfsemi fyrirtækja og má því vænta að af því leiði samfélagslegur ávinningur.*